

### **113. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 18. janúar, 2021 kl. 12:00 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.**

Viðstaddir eru: Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri Súðavíkur, Jóna Símónía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Rákel Árnadóttir verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

#### **Dagskrá:**

#### **1. Breytingar á skrifstofuhúsnæði**

Fyrirhugaðar eru breytingar á húsnæði safnsins sem kallað er „Jónshús“. Húsnæðið er skráð sem geymslur og safn en ekki sem skrifstofuhúsnæði. Þær breytingar sem eru framundan hvað varðar flutning Upplýsingamiðstöðvar í húsnæðið og þá starfsemi sem er þar fyrir á vegum Byggðasafnsins kalla á úttektir þar til bærra aðila. Jóna hefur verið í sambandi við Axel sviðstjóra skipulags og byggingarsviðs hjá Ísafjarðarbæ um þá hluti sem þurfa að liggja fyrir og úr hverju þarf að bæta. Samþykkt að óska eftir breytingu á skráningu húsnæðisins og hefja ferlið.

#### **2. Hugmyndir – skipulag svæðisins og sumarið**

Staða safnsins rædd varðandi sumarið. Svipuð staða er fyrirhuguð hvað varðar sumaropnun og árið á undan. Ferðatímabilið verði litað áfram af COVID fram eftir árinu og spurning um straum innlendra ferðalanga til Vestfjarða, hvort að það ráði einhverju þar um. Ræddar hugmyndir um breytingar á svæðinu til þess að gera aðkomuna og dvölinu í Neðstakaupstað eftirsóknarverða meðal heimamanna og gesta, að hér sé hægt að njóta útiveru, sögu og afþreyingar á svæðinu ásamt því að hafa aðgang að mat og drykk.

#### **3. Staða mála vegna Maríu Júlíu**

Gerð grein fyrir stöðu mála. Áhugamenn um málefni Maríu Júlíu eru að vinna í að stofna félag en stjórnin leggur áherslu á að mál fari að skýrast með hvenær hún yfirgefur Ísafjarðarhöfn. Ef það verkefni gengur ekki upp sem skyldi verður að horfa til annara aðila.

Fundarmenn litu við í Jónshúsi til þess að skoða aðstöðuna.  
Fundi slitið 13:30